

229. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

1. október 2013, kl. 13:30. Austurvegi 56, 2. hæð.

Mætt: Gunnar Egilsson, Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, Aðalsteinn Sveinsson (fór af fundi kl 14:20) og Guðmundur Tryggvi Ólafsson. Guðfinna Þorvaldsdóttir var með í síma.

1. Sameining SOS og SORPU.

Framkvæmdarstjóra falið að boða fund í vinnuhópi ásamt því að gera tillögu að dagskrá.

2. Aðalfundur SOS 24. október kl 16:00.

Framkvæmdarstjóra falið að undirbúa ársskýrslu, reikninga og tillögu að gjaldskrá og fjárhagsáætlun í samræmi við umræður á fundinum og þeirri staðreynd að framkvæmdarstjóri láti af störfum um áramót.

3. Starfsleyfi Kirkjuferjuháleigu.

Stjórn samþykkir að leggja fyrir aðalfund tillögu um að skila inn starfsleyfi fyrir rekstur urðunarstaðarins á Kirkjuferjuháleigu. Jafnframt felur stjórn framkvæmdarstjóra að hefja undirbúning lokunaráætlunar.

4. Tölvupóstur UST frá 23. september. Könnun á vilja sveitarfélaga og rekstraraðila til að koma á samræmdri flokkun heimilisúrgangs á landsvísu.

Framkvæmdarstjóra falið að svara erindinu.

5. Bréf samkeppniseftirlits dagsett 13. september 2013.

Stjórn samþykkir að fela lögmanni Sorpstöðvar Suðurlands að svara samkeppniseftirlitinu.

6. Fundargerð verksefnisstjórnar UAHÍSÁSÚ (um aukna hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga á sviði úrgangsmála.) frá 26. ágúst.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið 13:00

Næsti fundur ákveðinn 14. október kl 13:00